



## Hagur heimilanna

### Staðan

Skuldsetning heimilanna er mikil og jókst hratt á síðustu árum þegar aðgengi að lánsfé var gott og kaupmáttur vaxandi. Mikil verðbólga og gengisfall krónunnar hefur valdið miklum hækkunum á höfuðstól og greiðslubyrði lána og veldur nú til viðbótar við fallandi kaupmátt launa og minnkandi ráðstöfunartekjur, fjárhagserfiðleikum hjá mörgum heimilum. Loks hefur lækkun á fasteignaverði rýrt eigið fé heimilanna þannig að fólk situr fast í yfirveðsettum eignum.

Skipta má greiðsluvandræðum heimilanna í þrennt. Flest eru í þeirri stöðu að þó þrenni að ráða þau við að standa undir skuldbindingum sínum án sérstakra aðgerða þó róðurinn þyngist. Í hópi tvö eru þau heimili sem eiga í vanda vegna tímabundins tekjumissis en geta komist í gegnum hann með því að greiðslubyrði verði tímabundið létt. Í þriðja hópnum eru heimili sem ekki munu í fyrirséðri framtíð geta staðið undir skuldbindingum sínum og þurfa sértækari aðstoð.

Undanfarið ár hefur fjölgað hratt í hópi þeirra heimila sem eiga í vaxandi fjárhagsvanda, þ.e. sem eru að færast úr hópi tvö í hóp þrjú. Aðsókn hjá Ráðgjafastofu um fjármál heimilanna hefur margfaldast, umsóknir til Íbúalánasjóðs vegna greiðsluerfiðleika nærri tífaldast frá árinu 2007 og einstaklingum á vanskilaskrá fjölgað ört. Samkvæmt viðhorfskönnun ASÍ frá í sumar sögðust 19% svarenda hafa þurft á sérstökum úrræðum að halda til þess að geta staðið í skilum. Þessar tölur sýna mikilvægi þess að fyrir hendi séu aðgengilegar og skilvirkar úrlausnir fyrir fólk sem tryggja að vandinn verði ekki óviðráðanlegur og ekki fjölgi frekar í þeim hópi sem á í verulegum vanda. Leggja þarf sérstaka áherslu á aðstoð við yngra fólk sem keypti nýlega sína fyrstu eign og koma á fót „Bjargráðasjóði heimilanna“ sem hafi það hlutverk að fjármagna afskriftir skulda heimila og önnur þau úrræði sem komið verður á.

## Viðbrögð ASÍ

Megináherslur ASÍ hafa verið, að skuldsettum heimilum séu tryggð viðunandi úrræði til að takast á við minnkandi kaupmátt, aukið atvinnuleysi, vaxandi skuldir og lækkandi húsnæðisverð. Þannig að öllum heimilum áfram gert kleift að standa við skuldbindingar sínar, viðhalda viðundandi lífsgæðum og verja félagslega stöðu sína.

Til þess þarf almenn úrræði sem geti leyst vanda flestra heimila sem eiga í erfiðleikum. Þetta eru lausnir sem miða að því að léttu greiðslubyrði og skapa skjól til að vinna sig út úr vandanum eins og:

- Almenn og sjálfvirk greiðslujöfnun skulda
- Lenging og skilmálabreyting lána
- Tímabundin frestun á greiðslum
- Sameining húsaleigu- og vaxtabótakerfa
- Hækkun bótaupphæða og minnkun skerðinga

Samhliða sé ráðist gegn vanda þeirra verst settu af einurð og festu. Þar þarf skjótvirk sértæk úrræði sem geri þeim kleift að leysa fjárhagsvanda sinn og skapa sér nýja stöðu til framtíðar.

Frá því í byrjun árs 2008 hefur ASÍ barist fyrir setningu laga um greiðsluaðlögun skulda og öðrum réttarbótum sem:

- Taki jöfnun höndum til allra skulda þ.m.t. veðskulda vegna íbúðarhúsnæðis og bílalána án tillits til þess hvort skuldir séu verð- eða gengistryggðar.
- Aðlagi greiðslubyrði skulda að langtíma greiðslugetu skuldara með endurskipulagningu lána, afskriftum og niðurfellingu lausaskulda og hluta höfuðstóls af veðskuldum umfram markaðsverð.
- Tryggi áframhaldandi rétt skuldara til búsetu í íbúðum sem seldar eru á nauðungaruppboðum eða lenda í gjaldþrotum.
- Fresti gjaldþrotum og nauðungaruppboðum.
- Verji skuldara gegn óhóflegri gjaldtöku vegna innheimtu og öðrum ósanngjörnum innheimtuháttum.